

25. maí 2023



Verkefnaáætlun 2023-2025

Landsáætlun um
uppbyggingu innviða til
verndar náttúru og
menningarsögulegum
minjum

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Útgefandi:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Maí 2023

urn@urn.is

www.urn.is

©2023 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

ISBN 978-9935-9739-2-4

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Verkefnisstjórn.....	6
3. Samþykkt stefnumótun	7
4. Áætlun um fjármögnun	8
5. Tillaga að ráðstöfun.....	9
6. Sérstakt viðbragð við auknu álagi	10
6.1 Staðir til sérstakrar skoðunar.....	10
6.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði.....	10
7. Ný verkefnaáætlun 2023-2025	11
7.1 Ferill endurskoðunar.....	11
7.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi	11
8. Tillögur að aðgerðum árin 2023-2025	12
8.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir	12

Töfluskrá

Tafla 1: Fjárheimild landsáætlunar 2023-2025	8
Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2023-2025. Inni í liðnum <i>Staðir á landsáætlun – Efnislegir innviðir</i> er einnig sérstakt fjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða, s.s. Jökulsárlóns, Landmannalauga, Djúpalónssands og Þingvalla á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana.....	9
Tafla 3: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2022.....	10
Tafla 4 Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2023-2025. <i>Einnig er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til stærri ferðamannastaða á grundvelli samþykktra, staðbundinna áætlana. Nánari ráðstöfun þess mun liggja fyrir við næstu útgáfu verkefnaáætlunar, vorið 2024.</i>	13

Myndaskrá

Mynd 1: Ljósmynd frá fyrirhugaðri staðsetningu malarbílasteraðis við Þröng á Breiðamerkursandi.	5
Mynd 2: Göngupallar við Dettifoss (vestan megin), áfangar 1, 2, 3 og 4. Mynd: Vatnajökulsþjóðgarður.	7

1. Inngangur

Hér er lögð fram framkvæmdáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áranna 2023-2025. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi fyrri áætlun fyrir 2022-2024 sem gefin var út í mars 2022.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á gildistíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku.

Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn fjallaði um og talin var þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi.

Verkefni áætlunarinnar lúta sum hver að lokafrágangi innviða. Þau munu þó ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til frágangs afmarkaðra innviða innan þeirra.



Mynd 1: Ljósmynd frá fyrirhugaðri staðsetningu malarbílastæðis við Þröng á Breiðamerkursandi.

2. Verkefnisstjórn

Í lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er kveðið á um að skipuð sé verkefnisstjórn til þriggja ára í senn. Verkefnisstjórn hefur umsjón með gerð tillögu að þriggja ára verkefnaáætlun og tólf ára stefnumarkandi landsáætlunar og er hlutverk hennar að annast upplýsingaöflun, forgangs röðun og gerð tillagna vegna þeirra.

Ráðherra umhverfismála skipar verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar að fengnum tilnefningum:

Hafsteinn S. Hafsteinsson, formaður, skipaður af ráðherra umhverfismála og menningarminja án tilnefningar.

Jón Bjarnason, skipaður af ráðherra umhverfismála og menningarminja án tilnefningar.

María Reynisdóttir, tilnefnd af ráðherra ferðamála og menningarmála.

Regína Sigurðardóttir, tilnefnd af forsætisráðherra.

Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með verkefnisstjórn vinnur Dagný Arnarsdóttir, sérfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

3. Samþykkt stefnumótun

Þessi framkvæmdáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en hinn 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina og markmið hennar.



Mynd 2: Göngupallar við Dettifoss (vestan megin), áfangar 1, 2, 3 og 4. Mynd: Vatnajökulspjóðgarður.

4. Áætlun um fjármögnun

Í fjárlögum ársins 2023 og fjármálaáætlun áráanna 2024 og 2025 er áætlað fjármagn til landsáætlunar 2.698 m. kr. (Tafla 1). Í verkefnaáætlun landsáætlunar fyrir sama tímabil er lagt upp með að sömu heildarfjárhæð verði ráðstafað til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirbyggjandi stefnumótun.

Fyrirvari er settur um áætlaðar fjárheimildir 2024-2025 sem byggja á fylgiriti fjárlagafrumvarps 2023. Raungerist áætlunin varðandi 2024 og 2025 er einnig settur fyrirvari við að endanlega skiptingu heildarfjárhæðarinnar kunni hluti hennar að verða markaður annar farvegur innan málasviðsins sjálfs.

Tafla 1: Fjárheimild landsáætlunar 2023-2025

	2023	2024	2025	Samtals
Fjárheimild landsáætlunar 2023-2025	899.200.000	899.200.000	899.200.000	2.697.600.000

5. Tillaga að ráðstöfun

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna 2023-2025.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum, þ.e. staðbundinna verkefna sem geta falist í undirbúningi, framkvæmd eða viðhaldi. Er gert ráð fyrir um 2329 m.kr. til slíkra verkefna. Inni í þessum tölum er framlag er á árunum 2023-2025 til staða þar sem umfangsmikil uppbygging stendur fyrir dyrum en fyrirkomulag innviðauppbyggingar ekki fyllilega útfært á þessu stigi máls. Má þar nefna staði eins og Jökulsárlón, Landmannalaugar, Djúpalónssand og Þingvelli. Í slíkum tilvikum fer verkefnisstjórn yfir nánari tillögur þegar þær liggja fyrir, áður en gerður er samningur um verkefnið. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu við Geysi í þessum tölum. Auk þessa er gert ráð fyrir koma til móts við stofnanir vegna hækkana á verði hrávöru árið 2022 sem til komu vegna sérstakra aðstæðna á markaði, og er það einkisvið viðbragð og einkisviðast við þessar aðstæður og tíma. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til staðbundinna innviða síðar í þessari greinargerð og er þar átt við þau verkefni sem þegar eru nákvæmlega skilgreind og samþykkt af verkefnisstjórn.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum. Stefnumarkandi landsáætlun tilgreinir fjölmörg áhersluatriði sem bíða innleiðingar, og fer slík innleiðing gjarnan fram á vettvangi vinnuhópa. Einnig er um að ræða óstaðbundin verkefni sem snúa að aukinni eftirfylgd með uppbyggingarverkefnum með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanatáka og forgangsröðun nýrra verkefna grundvallast á. Er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun. Nema óstaðbundin verkefni 162,0 m.kr. á tímabili áætlunarinnar.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni, einkum bráðaáðgerðir og verkefni á nýfriðlýstum svæðum ef við á, sjá nánar í kafla 6.

Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2023-2025. Inni í liðnum *Staðir á landsáætlun – Efnislegir innviðir* er einnig sérstakt fjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða, s.s. Jökulsárlóns, Landmannalauga, Djúpalónssands og Þingvalla á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana.

Verkefni 2023-2025	Fjármunir 2023	Fjármunir 2024-2025
Staðir á landsáætlun - Efnislegir innviðir/staðbundin verkefni.	783.500.00	1.545.400.00
Óstaðbundin áhersluverkefni	47.000.000	115.000.000
Bráðaaðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.	77.500.000	138.000.000
Samtals	908.000.000¹	1.798.400.000

¹ Gert hér er ráð fyrir 8.800.000 kr. aukafjárheimild árið 2023 vegna jákvæðs mismunar frá fyrra ári.

6. Sérstakt viðbragð við auknu álagi

6.1 Staðir til sérstakrar skoðunar

Gera þarf ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og auknu álagi á viðkomandi stað.

Við endurskoðun verkefnaáætlunar er ávallt litið til niðurstaðna ástandsmats áfangastaða varðandi svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu.

Til viðbótar 8. kafla yfir staði á áætlun 2023-2025 eru hér tilgreindir staðir sem hafa verið til sérstakrar skoðunar um nokkurra ára skeið. Staðirnir njóta ekki friðlýsingar. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra. Þessir staðir eru Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Kirkjufellsfoss, Skálar á Langanesi, Brúarfoss, Sólheimajökull og Reykjanesfólkvangur (s.s. Leiðarendi; Stapar við Kleifarvatn; Vigdísarvellir) og aðrir viðkvæmir staðir innan fólkvangsins og í næsta nágrenni hans.

6.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði

Á árunum 2018-2021 stóð yfir átak í friðlýsingum og hafa nokkur svæði, sem búa við álag af völdum ferðamennsku, hlotið friðlýsingu. Slíkt kallar á að hægt sé að fylgja friðlýsingunni úr hlaði með verndaraðgerðum og viðeigandi uppbyggingu.

Upp geta komið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru. Nefna má aurbleytu og lokunum eða bráðaaðgerðum í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni lotið að viðgerð innviða ef ófremdarástand blasir við, s.s. vegna fráveitna og salerna.

Í verkefnaáætlun 2023-2025 er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni vegna bráðaaðgerða og nýrra friðlýstra svæða, svo hægt sé að bregðast fljótt við með aðgerðum ef þörf er á, sjá töflu 2 á fyrri blaðsíðu.

Á seinni hluta árs 2022 var úthlutað til tveggja nýrra verkefna sem töldust bæði til bráðaaðgerða. Úthlutunin tilheyrir verkefnaáætlun 2022-2024.

Tafla 3: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2022

Staður		Landssvæði	Fjárhæð
Gullfoss	Bráðaviðgerð á drenröri	Suðurland	600.000
Sunnanverðir Vestfirðir	Bráðaaðgerðir á svæðinu	Vestfirðir	412.000
Samtals			1.012.000

7. Ný verkefnaáætlun 2023-2025

Um er að ræða sjöttu verkefnaáætlun landsáætlunar og hefur hún því verið endurskoðuð fimm sinnum.

7.1 Ferill endurskoðunar

Endurskoðun fjórðu verkefnaáætlunar hófst með öflun tillagna frá umsjónaraðilum haustið 2022 en nýskipuð verkefnisstjórn hóf sína yfirferð í byrjun árs 2023. Umsjónaraðilar staða sendu inn ítarlegar tillögur og gögn vegna staða og verkefna sem þörf var á að framkvæma þar. Yfirferð gagna stóð yfir frá nóvember 2021 til apríl 2022. Alls bárust ítarlegar tillögur um 80 ný verkefni.

Tillagna var aflað frá þeim stofnunum sem bera umsjónarlega ábyrgð á landi og sinna náttúruvernd og/eða minjavörslu, sem og sveitarfélögum sem eiga aðild að landsáætlun í gegnum sína staði. Þeim var safnað á skipulegan hátt, um sérstaka gátt, s.s. með ítarlegum verkefnislýsingum, magntölum, verk- og kostnaðaráætlunum og öðrum viðeigandi gögnum. Gögnin mynduðu undirlag fyrir vinnu verkefnisstjórnar við forgangs röðun tillagna.

Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga var lögð áhersla á að skoða núverandi staði sveitarfélaga á áætluninni, yfirfara forsendur og auka stuðning ef þörf var á.

7.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi

Ef þörf er á verður unnið að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Áætlunin er endurskoðuð í takt við þætti eins og þróun álags og ástands á stöðum.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón og eignarhaldi.

Öll verkefni á landsáætlun eru sett fram með fyrirvara um að umsjónaraðilar veiti allar umbeðnar upplýsingar sem varða gerð og eftirfylgd samninga um framkvæmd verkefna, en vanhöld á því geta leitt til frestunar eða niðurfellingar.

8. Tillögur að aðgerðum árin 2023-2025

Hér fylgir yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar framkvæmdaáætlunar (2023-2025). Áætlunin er unnin á grunni forgangsröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar.

8.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir

Forgangsröðun staða og verkefna var unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.

Á áætlun árána 2023-2025 eru 127 verkefni á um 82 skilgreindum stöðum, svæðum og leiðum. Þar af eru 56 ný verkefni.

Í heildina hefur landsáætlun fjármagnað verkefni á um 173 skilgreindum stöðum, leiðum og svæðum víðs vegar um landið. Af því leiðir að víða er aðgerðum ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Þessir staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu og ekki er litið svo á að þeir séu farnir af landsáætlun þó svo að engin verkefni séu á áætlun 2023-2025 eða lokaáfangar verkefna þegar fjármagnaðir.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjardar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgun fyrir tilteknar samræmdar aðgerðir á stórum svæðum þegar við á.

Ferðamannaleiðir eru einnig mikilvægt viðfangsefni landsáætlunar og er unnið áfram að skilgreiningu lengri og styttri leiða, sem og uppbyggingu þeirra og viðhald.

Fjölsóttir ferðamannastaðir eru flestir á Suðurlandi, bæði á hálendi og láglendi, og kallar uppbygging staða af þeirri stærðargráðu á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna framkvæmdaáætlun.

Tafla 4 Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2023-2025. Einnig er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til stærri ferðamannastaða á grundvelli samþykkttra, staðbundinna áætlana. Nánari ráðstöfun þess mun liggja fyrir við næstu útgáfu verkefnaáætlunar, vorið 2024.

Heiti staðar	Heiti verkefnis	Umsjónaraðili	2023	2024	2025
Andakíll	Viðhald göngustíga	Umhverfisstofnun	1.200.000		
Ásbyrgi	Hönnun Fráveitumannvirkis, endurnýjun útsýnispalls við Botnstjörn	Vatnajökulsþjóðgarður	4.346.000	5.000.000	
Breiðamerkursandur / Þröng	Nýtt malarbílastæði við Þröng	Vatnajökulsþjóðgarður	12.000.000		
Búðanes og Hjallatangi	Hönnun svæðis	Minjastofnun Íslands	4.060.000		
Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá	Uppbyggingu gönguleiðar annar áfangi	Umhverfisstofnun	20.116.000		
Dettifoss vestan	Göngupallar sjötti áfangi	Vatnajökulsþjóðgarður	7.000.000		
Dimmuborgir	Skilti og merkingar	Umhverfisstofnun			5.200.000
Drangar	Móttökuskilti	Umhverfisstofnun	900.000		
Dverghamrar	Nýtt upplýsinga og fræðsluskilti	Umhverfisstofnun	800.000		
Dyrhólaey	Fuglaskoðunarhús á nýrri hringleið, fuglasjónauki í nýju fuglaskoðunarhúsi	Umhverfisstofnun	6.803.680	510.000	
Eldborg í Bláfjöllum	Fræðslu- og upplýsingaskilti	Umhverfisstofnun	1.300.000		
Eldborg undir Geitahlíð	Fræðsluskilti við gönguleið	Umhverfisstofnun	1.400.000		
Fitjaá í Skorradal	Skilti	Umhverfisstofnun		700.000	
Flateyjarfriðland	Tvö fræðsluskilti við höfn	Umhverfisstofnun	1.050.000		
Friðland að fjallabaki	Hönnun og framkvæmd - aðkomusvæði	Umhverfisstofnun	11.960.000		
Friðland Svarfdæla	Endurnýjun göngubrúa	Umhverfisstofnun	1.200.000		
Friðlandið Hornstrandir	Endurhleðsla á vörðum í Hælavík og Tunguheiði, bætt aðstaða á tjaldsvæðum	Umhverfisstofnun	4.395.000		

Friðlandið Hornstrandir / Aðalvík	Brú yfir Staðará	Umhverfisstofnun	1.100.000		
Friðlandið Hornstrandir / Hesteyri	Tvö fræðslu- og öryggiskilti á Stekkseyri og í Höfn	Umhverfisstofnun		700.000	
Friðlandið Hornstrandir / Kjaransvík	Lagfæring á gönguleið	Umhverfisstofnun	1.000.000		
Friðlandið Hornstrandir / Straumnesfjall	Fræðslu- og öryggiskilti	Umhverfisstofnun		405.000	
Friðlýst svæði á SV-landi	Skilti, gestastýring og merkingar	Umhverfisstofnun	3.740.000	4.200.000	
Friðlýstar menningarminjar, landið allt	Sjö skilti við menningarminjar á sex stöðum	Minjastofnun Íslands		4.200.000	
Galtafell	Frumathugun	Þjóðminjasafn Íslands	2.000.000		
Galtastaðir fram	Salernisaðstaða, lokaáfangi móttökuhúss	Þjóðminjasafn Íslands			20.904.875
Gerpissvæðið	Forhönnun innviða, viðhald slóða	Umhverfisstofnun	2.500.000	3.000.000	
Geysir í Haukadal	Geysir ný hringleið - áfangi 2023-2025	Umhverfisstofnun	68.744.000	191.776.000	165.880.000
Gullfoss	Neðri útsýnisstígur, náttúrustígur hringleið	Umhverfisstofnun	36.500.000		
Hakið	Aðkomusvæði rútuferþega við Gestastofu	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	34.500.000		
Hallormsstaðaskógur	Eldaskáli - fyrsti áfangi	Skógræktin		22.600.000	
Heinabergslón	Endurbætur á umhverfi bílastæðis og tenging milli innviða	Vatnajökulsþjóðgarður		5.000.000	
Hjallanes	Lagfæring á gönguleið	Vatnajökulsþjóðgarður	4.000.000		
Hofstaðir	Endurskoðun deiliskipulags, hönnun innviða	Minjastofnun Íslands	6.200.000		
Hólmanes	Hönnun og viðhald göngustíga	Umhverfisstofnun	1.500.000	2.500.000	
Hraunfossar, Barnafoss	Deiliskipulag	Umhverfisstofnun	2.100.000		
Hvannalindir	Nýtt deiliskipulag	Vatnajökulsþjóðgarður		5.000.000	

Hverfjall-Hverfell	Viðhald innviða; skilti og merkingar	Umhverfisstofnun	9.500.000	600.000	
Hvítserkur	Hönnun og framkvæmdir við ferðamannastaðinn	Húnaþing vestra	15.000.000		
Jökulsárgljúfur - leið	Viðhald gönguleiða	Vatnajökulsþjóðgarður	1.900.000	2.300.000	
Jökulsárlón	Göngustígar, frumathugun vegna salernislausnar, bráðalagfæring á aðalbílastæði, breyting á deiliskipulagi	Vatnajökulsþjóðgarður	41.000.000		
Kálfaströnd, Klasar	Skilti og merkingar	Umhverfisstofnun		2.500.000	
Keldur á Rangárvöllum	Stækkun bílastæða, viðbótarkostnaður	Þjóðminjasafn Íslands	16.934.920		
Kinnargjár á Reykjanesi	Endurbætur á göngustígakerfi	Reykjanesbær			41.000.000
Kirkjugólf	Bætt aðgengi hreyfihamlaðra	Umhverfisstofnun	760.000		
Krepputunga / Kreppubrú	Ný móttaka - fyrsti áfangi	Vatnajökulsþjóðgarður	5.000.000		
Kverkjökull / Volga	Göngubrú	Vatnajökulsþjóðgarður	3.000.000		
Laki - Tjarnargígur	Nýtt deiliskipulag	Vatnajökulsþjóðgarður	2.000.000		
Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík)	Lagning bílastæðis, hönnun göngustíga	Umhverfisstofnun	42.000.000		
Litluborgir	Skilti og stýring gesta	Umhverfisstofnun	2.000.000		
Manngerðir hellar á Ægissíðu / Fjóshellir	Standsetning - Lokaáfangi	Minjastofnun Íslands	2.250.000		
Ólafsdalur í Gilsfirði	Uppbygging fyrir ferðamenn áfangi tvö	Minjavernd hf.	19.907.000		
Sandfell í Örafum	Endurbygging bílastæðis	Vatnajökulsþjóðgarður	5.000.000		
Sauðanes á Langanesi	Bílastæði, afmarkanir og skilti	Þjóðminjasafn Íslands	10.000.000		
Skaftafell	Deiliskipulag lokafasi og umhverfishönnun	Vatnajökulsþjóðgarður	3.380.000		

Skaftafell / Magnúsarfoss	Hönnun, gönguleið og útsýnispallur	Vatnajökulsþjóðgarður		5.000.000	
Skaftafell / Svartifoss	Hönnun, gönguleið og útsýnispallur	Vatnajökulsþjóðgarður	5.000.000		
Skógafoss / láglendi	Útsýnisstaður fyrir hreyfihamlaða, nýjar tröppur upp með fossi	Umhverfisstofnun	5.000.000	6.300.000	61.500.000
Skógræktin - landið allt	Viðhald gönguleiða í fjórum landshlutum: Stálpastaðaskógur, Þjórsárdalur, Vaglaskógur, Hallormsstaðaskógur	Skógræktin	4.000.000		
Skútustaðagígar	Lagfæring á göngustíg, skilti og merkingar.	Umhverfisstofnun	2.400.000	2.300.000	
Stóruð	Forhönnun og greining innviða	Umhverfisstofnun	3.000.000		
Teigarhorn	Lokafrágangur ytra umhverfis þjónustuhúss	Umhverfisstofnun	4.000.000		27.500.000
Vaglaskógur	Lokaáfangi eldaskála	Skógræktin	17.200.000		
Vatnajökulsþjóðgarður - norðursvæði	Áningarbekkir á gönguleiðum, þurrsalerni á hálendinu, skilti og upplýsingagjöf, göngu- og útsýnispallar, lokafrágangur	Vatnajökulsþjóðgarður	21.954.119		5.000.000
Vatnsfjörður	Vatnssalerni við Þingmannakleifar, Uppbygging göngustígs við Þingmannaá; viðhald gönguleiða og uppsetning skilta	Umhverfisstofnun	27.294.568	700.000	
Víðimýri í Skagafirði	Deiliskipulag, hönnun innviða	Þjóðminjasafn Íslands	3.600.000		
Þinghelgi	Brú yfir Öxará ástand, mat og hönnun. Gerð og framkvæmd bílastæða, gerð gönguleiðar, uppfærsla á skiltum og merkingum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	99.500.000	75.000.000	
Þingskálar	Frumathugun	Minjastofnun Íslands		5.000.000	
Þingvallahraun	Uppbygging og viðhald stígakerfis, deiliskipulag fyrir strandlengju, uppfærsla á skiltum og merkingum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	24.000.000	10.148.000	
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum - stjórnunarsvæði	Merkingar á meginadkomum í þjóðgarðinn	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	16.200.000		
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull - stjórnunarsvæði	Frumgreining á uppbyggðum hjóla- og göngustíg	Umhverfisstofnun		2.005.000	
Þjórsárdalur / Gjáin	Náttúrustígur hringleið	Umhverfisstofnun	38.300.000		

Þjórsárdalur / Hjálparfoss	Deiliskipulag	Umhverfisstofnun	5.000.000		
Þjórsárdalur / Stöng	Aðgerðir til verndar rústum þjóðveldisbæjarins	Minjastofnun Íslands	17.725.000		
Þjórsárdalur / Stöng	Umbætur á salernismálum – undirbúningur og bráðabirgðalausn	Umhverfisstofnun	7.273.600		
Þórsörk og Goðaland	Uppbygging og viðhald gönguleiða	Skógræktin	17.500.000	18.000.000	18.600.000
ÞS Djúpalónssandur	Deiliskipulag	Umhverfisstofnun	2.500.000		
ÞS Gufuskálavör - Gufuskálar	Endurgerð og varðveisla; fræðsluskilti (menningarsaga).	Umhverfisstofnun	2.925.500	1.879.343	
ÞS Malarrif	Viðburða- og áningapallur við gestastofu; deiliskipulag	Umhverfisstofnun	2.500.000	6.507.500	
ÞS Skarðsvík	Fræðsluskilti (menningarsaga)	Umhverfisstofnun		1.688.000	
ÞS Svalþúfa	Stækkun og úrbætur á bílastæði; göngustígar, tengingar, og landmótun	Umhverfisstofnun	12.560.000		
ÞS Öndverðarnes	Deiliskipulag	Umhverfisstofnun	2.500.000		
Örlygsstaðir í Skagafirði	Aðgerðir til verndar minjum	Minjastofnun Íslands		2.500.000	
Skaftá	Göngubrú - frumathugun	Vatnajökulsþjóðgarður	3.000.000		
Samtals			766.979.387	388.018.843	345.584.875

